

heyrðist af lofinu. Því fyrrum voru foreldrar oft í vandræðum með börn sín og viðtökur þær er þau fengu á skólunum. Bæði vorn þau lítið að sér í ensku og svo var notasemin engu meiri en þurfti,—þau voru útlendingar, „bloody Icelanders“, og fengu þau oft að heyra það hjá innlendum jafnöldrum.

Peirra hluta vegna stofnuðu því Íslendingar skóla sín á meðal haustið 1881, og var Eyjólfur féhirðir skólans. Skólanum var haldið uppi með frjálsum samskotum (hlutaveltum o. s. frv) mest frá ungu fólki, er vann í vistum eða á daglaun. Tveir kennarar voru ráðnir við skólann, Kristján Jónsson, bróðir Tómasar lögmanns, borgað \$30 um mánuðinn, og Kristrún Ólafsdóttir, með \$15 kaup. Síðast um vorið '82 kendi Magnús Pálsson í stað Krístrúnar, mánuð og eina viku.

Meðan á trúmáladeilunum stóð í Nýja-Íslandi hallaðist Eyjólfur yfir á hlið séra Jóns, er þá hélt fram frjálssari stefnu í kyrkjumálum, og er hingað kom til bæjarins gerðist hann brátt meðlimur Lútherska safnaðarins. En ýmsra orsaka vegna sagði hann sig úr þeim félagskap nokkrum árum síðar. Það varð bráðlega ljóst, að trúarfrjálsslyndi átti þar enga framtíð, enda hjaðnaði strax sú bóla, er risið hafði í Nýja-Íslandi í trúmáladeilunum þar, þegar séra Páll Þorláksson dó, en það var '82.

Þegar únitariski söfnuðurinn myndaðist gengu þau hjón strax í hann og hafa þau staðið þar síðan.

Eyjólfur var að ýmsu riðinn við fyrstu blaðamál Ísl. hér. Hann var styrktarmaður blaðsins Leifs, er byrjaði að koma út árið 1883, og þegar Heimskringla var sett á stofn studdi hann það fyrirtæki.

Eyjólfur er fæddur 1. Nóv. árið 1844 á Aðalbóli á Jökuldal í N. Múlasýslu. Í móðurætt telst hann til hinnar svonefndu Rafnsættar í Hróarstungu eystra. Föðurætt hans er að norðan og rakin til Þórðar Vídalíns. Árið 1868, 4. Nóv., kvongaðist hann Signýu Pálsdóttur frá Dagverðargerði í Hróarstungu. Þau hjón hafa eignast sex börn og eru öll dáið nema einn sonur, Ásmundur, sem búsettur er hér í bænum.

Þau hjón hafa alið upp nokkur fósturbörn og reynzt þeim ástríkir foreldrar. Eru þau nú farin að eldast, en halda þó heilsu og kröftum allvel enn.